

102 öllu afgreitt að tollinum til á Raufarhöfn þar sem skipverjar urðu hans fyrst varir hjerum-
22 ágúst. bil mánuði seinna en tollafgreiðslan átti sjer stað og eptir að skipið var farið frá Rauf-
arhöfn, hafði komið við á Oddeyri og var komið á Kolbeinsárós, þá getur hinn um-
ræddi tollur eigi orðið endurgoldinn Gránuffelaginu.

Þessi úrslit málsins bið jeg yður tilkynna kaupstjóra Gránuffelagsins.

103 — Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um lán til jarðabóta handa Tjarnar-
25. ágúst. prestakalli á Vatnsnesi. — Samkvæmt beiðni prestsins á Tjörn á Vatnsnesi, sjera Jóns
St. Þorlákssonar, er fylgdi þóknanlegu brjefi yðar, háæruverðugi herra, frá 10. maí þ. á.,
hefi jeg veitt nefndu prestakalli 500 kr. lán úr viðlagasjóði til endurbóta á túni og
engjum prestssetursins þar, og ber að endurborga lán þetta með 4% vöxtum af tekjum
prestakallsins með $\frac{1}{10}$ á ári í 10 ár.

Þetta undanfelli jeg eigi hjermeð þjónustusamlega að tilkynna hinum heiðruðu
stiptsyfirvöldum til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir ofan nefndum presti, og
skal jeg um leið geta þess, að ef prestaskipti skyldu verða í brauðinu áður en lán það,
sem hjer er um að ræða, er að fullu endurborgað, ber að taka út jarðabætur þær, er
unnar hafa verið fyrir upphæð lánsins, eins og annað, er prestakallinu tilheyrir.

104

28. ágúst.

Anglýsing

fyrir sjófarendur.

Til leiðbeiningar sjófarendum verður frá 1. okt. 1884 ljósker yzt á Garðskaga í
Gullbringusýslu, er sýnir stöðugt hvítt ljós alla nóttina. Ljóskerið er á stöng, hjerumbil
34 fet yfir yfirborð sjávarins, og sjest ljósið hjerumbil 6 kvartmílur í björtu veðri.

Ljóskerið er undir $64^{\circ} 4' 30''$ norðlægrar breiddar og $22^{\circ} 45' 0''$ vestlægrar
lengdar frá Greenwich, og verður kveikt á því á ári hverju frá 1. okt. til 1. apríl.

Reykjavík 28. ágúst 1884.

Landshöfðinginn yfir Íslandi.

Bergur Thorberg.

105 — Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu um lán útaf
2. sept. fjárkláðanum. — Með brjefi þessu veitti landshöfðingi jafnaðarsjóði norður- og austur-
amtsins 2000 kr. bráðabirgða-lán úr viðlagasjóði til að standast kostnað þann, er leiddi
af ráðstöfunum þeim, er gjörðar hafi verið eða gjörðar kynnu að verða útaf fjárkláða
þeim, er gjört hafði vart við sig fyrir norðan og austan, og skyldu af láninu greiddir
4% í vöxtu árlega og það sjálft endurborgað með 500 kr. á ári.

106 — Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir vesturamtinu um skil til landssjóðs
3. sept. á smjörleigum úr Arnarstapa- og Skógarstrandarumboði. — Með þóknanlegu brjefi
dags. 27. f. m. hafið þjer, herra amtmaður, sent hingað erindi umboðsmanns Arnar-
stapa- og Skógarstrandarumboðs og jarðarinnar Hallbjarnareyrrar, þar sem hann ber sig
upp undan því, hve örðugt og kostnaðarsamt það sje fyrir sig, að hlýðnast ákvörðuninni